



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á Nýsveinahátíð  
Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík  
7. febrúar 2020**

Ágætu nýsveinar og heiðursiðnaðarmenn,  
ráðherrar,  
forystufólk Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík,  
aðrir góðir gestir

Ég þakka þann heiður að fá að ávarpa ykkur á hátíðarstundu. Ég ítreka hamingjuóskir til heiðursiðnaðarmanna ársins – þeir hafa heldur betur lagt sitt af mörkum í þágu okkar samfélags – og ég óska nýsveinum öllum heilla. Já, ég þakka fyrir að vera með ykkur hér, á þessum glæsta viðburði þar sem við fögnum saman góðum árangri – og minnum um leið á mikilvægi menntunar.

Menntun, hvað er nú það? Menntun og menning eru náskyld. „Menning er að gera hlutina vel.“ Svo mælti Þorsteinn Gylfason heimspekingur seint á síðustu öld og þetta eru auðvitað orð að sönnu. Menning er líka víðsýni og menning er umburðarlyndi. Menning er framsýni frekar en doði vanans. Og menning er fjölbreytni.

Allt gildir þetta sömuleiðis um menntun. Það liggur í hlutarins eðli. Í öflugum og framsæknum samfélagi þurfa menningin og menntunin að vera margslungin og frjó, síbreytileg og kvik. Byrjað var að reisa Bessastaðastofu árið 1761 og okkur ber að virða hana og varðveita. Um leið getum við tengt saman hið liðna og hið nýja; í einum salnum þar er íslensk hönnun núna í öndvegi, íslenskt handverk sem ber höfundum sínum gott vitni.

Sköpun er góð iðn, gott fólk. Fyrir skemmstu birti Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands, fróðlegan pistil um gildi hinna skapandi lista. Hún lýsti meðal annars nokkrum löndum okkar sem ákváðu að

fylgja sinni sannfæringu, keppa að því að gera hlutina vel og hafa gert það svo eftir er tekið. Hinu verður þó ekki neitað að sumt þetta fólk þótti frekar skrýtið og þykir kannski enn, jafnvel hvert eitt og einasta. En það er bara ekkert að því!

Auðvitað ná ekki allir að slá í gegn. Ég minnst gjarnan ráðlegginga útskriftarnema við Listaháskóla Íslands fyrir nokkrum árum. Hann þuldi þar hundrað heilræði til félaga sinna, þar á meðal þessi í upphafi: 1. Stundum er allt í lagi að setja sér óraunhæf markmið. 2. Á einhverjum tímapunkti þarf maður að hætta við óraunhæf markmið og setja sér raunhæf markmið í staðinn.

Ágætu áheyrendur: Þannig þurfa draumar og veruleiki að haldast í hendur. Við þurfum list og við þurfum sköpun en við þurfum líka svo margt fleira. Við þurfum bóknám og við þurfum verknám. Reyndar tel ég að sú tvískipting framhaldsnáms sé að mörgu leyti úrelt, að hún gefi ranga mynd af eðli þess sem við köllum verknám eða iðnnám – rétt eins og þið, ágætu nýsveinar, lítið ekki í bók á námsleiðinni! Þar að auki eru skilin milli sköpunar og handverks, listar og iðnar alls ekki svo skörp ef vel er að gáð

En við þurfum að efla það sem við höfum kallað iðnnám enn frekar. Því hvar væri okkar samfélag án iðnnáms, iðnnema og iðnaðarmanna? Við skulum virkja ímyndunaraflíð og sjá fyrir okkur þannig samfélag. Það væri fátækt samfélag og frumstætt, samfélag sem félli saman. Og ef þið trúid því ekki þyl ég nú þær iðnir sem við færum á mis við:

Almenn ljósmyndun, bakaraiðn og bifreiðasmíði. Bifvélavirkjun og bílamálun, blikksmíði og bókbænd. Feldskurður, flugvélavirkjun og framreiðsluð. Glerslípun og speglagerð, gull- og silfursmíði. Hattasaumur, hársnyrtiðn og hljóðfærasmíði. Húsasmíði, húsgagnabólstrun og húsgagnasmíði. Kjólasaumur og kjötiðn. Klæðskurður karla og klæðskurður kvenna. Kæli- og frystivélavirkjun. Kökugerð. Leturgröftur og ljósmyndun. Matreiðsla, málaraíðn og málmsteypa. Málmstuða, mjólkuriðn og mótasmíði. Múraraiðn og myndskurður. Netagerð. Persónuljósmyndun og pípulagnir. Prentsmíð og prentun. Rafeindavirkjun, rafveituvirkjun, rafvélavirkjun og rafvirkjun. Rennismíði og símsmíði, skipasmíði og bátasmíði. Skósmíðaiðn, skósmíði og skóviðgerð. Skrúðgarðyrkja og snyrtifræði. Stálskipasmíði, stálsmíði og stálvirkjasmíði. Steinsmíði, söðlasmíði, tannsmíði og úrsmíði. Veggfóðrun og vélvirkjun.

Já, kærú nýsveinar, kærú meistara og heiðursiðnaðarmenn. Samfélag án þeirra sem lært hafa þessar iðngreinar og aðrar væri svo sannarlega fátækt samfélag, án menntunar, menningar og metnaðar. Ég þakka í lokin forystusveit Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur fyrir að standa svo vel að þessari miklu hátíð og óska ykkur öllum allra heilla.